



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

## MINNISBLAÐ

Dags. 26. apríl 2022

Viðtakandi: Fræðslunefnd Árborgar

Málsnúmer: 2204260

Höfundar:

Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri skólaþjónustu

Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

**Efni: Minnisblað um endurskoðun menntastefnu Árborgar**

Menntastefna Árborgar 2018-2022 rennur sitt skeið í lok ársins 2022 og því er kominn tími til að efna til stefnumótunarvinnu vegna nýrrar menntastefnu sveitarfélagsins. Eins og fram kemur í inngangi núverandi menntastefnu var leitast við að fá sem flesta til að taka þátt í stefnumótunarvinnunni enda komu margir að gerð hennar, m.a. nemendur, foreldrar og starfsfólk skóla. Einnig tóku fulltrúar foreldrafélaga, fræðsluyfirvalda og atvinnulífs virkan þátt í vinnunni.

Stýrihópur leiddi verkefnið og vann úr þeim efnivið sem fram kom á hugarflugsfundum, ábendingavef og í tölvupósti. Jafnframt var rýnt í eldri skólastefnu Árborgar (2013-2016) og lagt mat á hvað hefði gengið eftir og hvað ætti áfram erindi í nýja menntastefnu. Í hópnum sátu formaður fræðslunefndar, þáverandi skólafulltrúi, fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi grunnskólakennara, fulltrúi aðstoðarleikskólastjóra, fulltrúi skólastjóra og fræðslustjóri. Þá störfuðu fulltrúar foreldra og leikskólakennara um tíma með hópnum. Fyrirverandi verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, las stefnudrögin yfir, gaf góð ráð og aðstoðaði stýrihópinn við lokaúrvinnslu.

Æskilegt er að lagt verði mat á hvornig til hefur tekist við innleiðingu á núverandi menntastefnu með spurningakönnun og jafnvel rýnihópavinnu á haustdögum og stofnaður verði stýrihópur. Samhliða því verði efnt til stefnumótunarvinnu með þátttöku sem flestra úr skólasamfélaginu. Slík nálgun er í anda lærdómssamfélagsins en sú hugmyndafræði hefur verið lögð til grundvallar þegar áherslur og meginforsendur í þróunar- og umbótastarfi hafa verið mótaðar í skólamálum Sveitarfélagsins Árborgar. Jafnframt þarf í þessari vinnu að skoða vel fyrstu aðgerðaáætlun [menntastefnu](#) stjórnvalda til ársins 2030, [lög](#) um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, niðurstöðu vinnuhóps um málefni leikskóla í Árborg, [hvítbók](#) um byggðamál 2021, breytingar á [aðalnámskrá](#) varðandi íslensku sem annað mál, menningarfærni og fjöltyngi, niðurstöður [rannsóknar](#) á skólaþjónustu sveitarfélaga unnar af Háskólanum á Akureyri, [skýrsla](#) um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla og fleiri nýleg stefnumótandi plögg.

Menntastefna Sveitarfélagsins Árborgar 2018-2022 er aðgengilegur á Árborgarvefnum <https://www.arborg.is/media/stefnur/Menntastefna-Arborgar-2018-2022.pdf>